

Pingsályktun um nýjar áherslur í skipulagi á æskulýðsmálum.

Kirkjuþing 2021-2022 samþykkir nýja skipan æskulýðsmála sem felur í sér eftirfarandi:

I. Svæðisstjórar æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar – ný störf

a. Umdæmi og starfsstöðvar

Kirkjuþing samþykkir að ráðið verði í stöður fjögurra svæðisstjóra æskulýðsmála Þjóðkirkjunnar samkvæmt því sem nánar greinir í ályktun þessari. Svæðin fjögur eru:

1. Reykjavíkur- og Kjalarnesprófastsdæmi
2. Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmi
3. Húnavatns- og Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi
4. Austurlands- og Suðurprófastsdæmi

Starfsstöð svæðisstjóra æskulýðsmála verður æskulýðsmiðstöð umdæmisins og þar verður önnur æskulýðstengd aðstaða eftir ákvörðun héraðsnefndar.

b. Starfsskyldur svæðisstjóra, launakostnaður og starfsaðstaða

a. Svæðisstjóri æskulýðsmála:

- hefur í umboði biskups og prófesta tilsjón með æskulýðsstarfi á svæðinu
- fylgir eftir stefnumörkun og samþykktum kirkjuþings er varðar kirkjulegt starf fyrir ungmenni á svæðinu
- starfar með verkefnisstjórum æskulýðsmála og æskulýðsleiðtogum sem starfa sem fyrr fyrir söfnuði á svæðinu og kemur á tengingum á milli þeirra
- veitir söfnuðum á svæðinu stuðning og ráðgjöf um æskulýðsmál og mönnun þeirra
- hefur frumkvæðisskyldu til að stuðla að safnaðarstarfi fyrir ungmenni í söfnuðum svæðisins, s.s. að skipuleggja æskulýðsmót o.fl.
- annast daglega starfsemi æskulýðsmiðstöðvar svæðisins og er rekstrarstjóri hennar, í samræmi við samþykktir héraðsnefndar

b. Laun svæðisstjóra æskulýðsmála verða greidd af Þjóðkirkjunni

c. Héraðsnefndir prófastsdæma leggja til starfsaðstöðu á kostnað héraðssjóða

II. Innleiðing

Innleiðing þessa fyrirkomulags verður í tveimur áföngum.

a. Fyrri áfangi

Fyrri áfangi hefst 1. janúar 2023 en í honum verða tvær stöður svæðisstjóra æskulýðsmála stofnsettar, ein staða í Reykjavík- og Kjalarnesprófastsdæmum og ein staða í Austurlands- og Suðurprófastsdæmum.

b. Seinni áfangi

Fyrirkomulagið verði metið og endurskoðað fyrir kirkjuþing að hausti árið 2024 og í framhaldi komið á í Vesturlands- og Vestfjarðaprófastsdæmum og Húnavatns- og Skagafjarðar- og Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmum.

III. Skipun starfshóps um æskulýðsmál

Kirkjuþing kjósi þriggja manna starfshóp um æskulýðsmál sem starfi á meðan nýtt fyrirkomulag er innleitt (sbr. lið II.) þ.e. til kirkjuþings haustið 2024.

Starfshópurinn verði biskupi Íslands til ráðgjafar við gerð starfslýsinga og ákvörðunar á kröfum til menntunar svæðisstjóra.

Starfshópurinn ber auk þess ábyrgð á fyrra skrefi innleiðingarinnar í samráði við biskup Íslands og prófesta þeirra prófastsdæma sem innleiðingin nær til.

Starfshópurinn skili kirkjuþingi skýrslu um framkvæmd þingsályktunar þessarar á kirkjuþingum 2023 og 2024.

IV. Ráðningarsamband starfsfólks í æskulýðsstarfi kirkjunnar

Kirkjuþing hvetur til þess að starfsfólk í æskulýðsstarfi sé almennt ráðið til starfa sem launþegar en ekki sem verktakar.

Samþykkt á kirkjuþingi 26. mars 2022 og birt á opnum vef kirkjunnar 29. mars 2022

Drífa Hjartardóttir forseti kirkjuþings.

Kirkjuþing 2021-2022 kaus þann 28. mars 2022 eftirtalda í nefndina:

Guðrún Karls Helgudóttir, formaður
Þuríður Björg Wium Árnadóttir
Sigurður Óskar Óskarsson